

ER-hefðin¹

UNNIÐ MEÐ BÖRNUM

VERKLÝSING

- A. Verkefnið snýst annars vegar um að prófa að nota rannsóknartæki félagsvísinda (í þessum tilviki **djúpvíðtalið** sem tengist eigindlegri rannsóknarhefð) og hins vegar að vinna með tveimur börnum, helst stráki og stelpu á ólíkum aldri, á aldursbilinu 3-10 ára.
- B. Þið eigið að vinna með þeim í tenglum við **lestur barnabóka**.

Þið byrjið á því að hafa samand við börnin og ræða lauslega við þau um þetta verkefni. Hugmyndin hér er að þið semjið við þau um að hjálpa ykkur við þetta verkefni. Í staðinn fá þau *umbun* í formi stíma ykkar%þ.e.a.s. þið leikið við þau, lesið fyrir þau eða farið með þeim í bíó (foreldrar greiða þá bíómiðann fyrir þau) svo dæmi sé tekið.

1. Þið skrifið *hugleiðingar ykkar*² eftir þessi samtöl sem dagbókarfærslur.
2. Þið lesið 5., 6. og 8. kafla í *Uppeldi - kennslubók fyrir framhaldsskóla*. Höfundar eru Guðrún Friðgeirsdóttir og Margrét Jónsdóttir. Til að geta nýtt ykkur **djúpvíðtalið** þurfið þið að lesa um það í 5. kafla kennslubókarinnar **Hvernig veit ég að ég veit?** Ég er búinn að setja afrit af glærusafni mínu sem tengist þessum köflum inn á námsnetið undir *Námsefnið* sem og dæmi sem tengjast djúpvíðtölum.
3. *Fyrri spjallið* vinnið þið í næstu viku, þ.e.a.s. 5. til 9. nóvember n.k., með hvoru barni fyrir sig. Það er mjög mikilvægt að andrúmsloftið sé þægilegt, afslappað og það ríki trúnaður á milli ykkar. Flæðið í samskiptunum þarf að vera mjög frjálst. Þið ræðið við barnið um barnabækur sem það hefur lesið eða hafa verið lesnar fyrir það og það man eftir. Einnig eitthvað sem ykkur dettur í hug. Fyrir seinna spjall þurfa þau að lesa (eða lesið er fyrir þau) **skyldubók**, a.m.k. eina af eftirtöldum barnabókum: Lína langsokkur, Palli var einn í heiminum, Einar Áskell eða Jón Oddur og Jón Bjarni.

¹ Unnið á haustönn

² Sjá 5. kafla kennslubókarinnar

4. Seinna spjallið vinnist þið í vikunni 12. til 16. nóvember n. k. Þá spyrjið þið nánar úr í hluti sem komu fram í fyrra spjallinu , **skyldubókina** og eitthvað sem ykkur dettur í hug.
5. Þessari vinnu ykkar með börnunum þarf að vera **lokið 16. nóvember n.k.**
6. **Það er mikilvægt að þið hafið djúpvíðtölin undir höndum í nokkra daga og „rótið“ í þeim áður en þið farið að skrifa greinargerðina.**
7. Þið vinnist svo úr djúpvíðtölunum og dagbókarfærslunum samkvæmt forskrift sem ég verð búinn að setja á námsnetið og skilið greinargerðinni og dagbókarfærslunum eigi síðar en **23. nóvember n.k.**